

L Ö G

118
8. des.

um breyting á lögum nr. 107 11. ágúst 1933, um ullarmat.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málsgr. 8. gr. laganna orðist þannig:

Árslaun ullarmatsformanns skulu vera 1600 krónur, en árslaun yfirullarmatsmanna skulu vera 900 krónur til hvers þeirra og greiðast úr ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1948, og falla samtímis úr gildi lög nr. 107 31. des. 1945, um breyting á lögum nr. 107 11. ágúst 1933, um ullarmat.

Gjört í Reykjavík, 8. desember 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Bjarni Ásgeirsson.

L Ö G

119
22. des.

um viðauka við lög nr. 67 1947, um eignakönnun.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Auk þeirra peningaseðla, sem innkalla ber samkvæmt III. kafla laganna, skulu á sama tíma innkallaðir þeir 1 og 2 krónu peningar og einnar krónu seðlar, sem í umferð eru á framtalsdegi, og fer um þá innköllun svo sem segir um innköllun peningaseðla Landsbanka Íslands í 21.—30. gr. laganna.

Nota má þó 1 og 2 krónu peninga og einnar krónu seðla, sem innkalla ber, með sama hætti og ákveðið er um 5 kr. og 10 kr. seðla í 4. mgr. 21. gr.

Ríkissjóður gefur út nýja eins og tveggja krónu peninga, og verða þeir látnir í skiptum fyrir þá, sem innkallaðir verða samkvæmt framanskraðu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. desember 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.